

	Hafnarfjarðarbær
Innk:	15172019
Málsnr:	1904072
Bréfál:	512



Skipulagsstofnun

Hafnarfjarðarkaupstaður
Berglind Guðmundsdóttir
Strandgata 6
220 Hafnarfjörður

Reykjavík, 10. júlí 2019
Tilvísun: 201906100 / 3.2

Efni: Lýsing vegna breytingar á sveitarfélagsmörkum og nýju afþreyingar- og ferðamannasvæði

Hafnarfjarðarkaupstaður hefur, með erindi dags. 28. maí 2019, óskað umsagnar Skipulagsstofnunar um lýsingu með sömu dagsetningu, vegna breytingar á aðalskipulagi og gerð deiliskipulags, sbr. 1. mgr. 30. gr. og 1. mgr. 40. gr. skipulagslaga. Samþykkt var í bæjarráði 26. júní 2019, að tillögu skipulagsnefndar, að kynna lýsingu vegna fyrirhugaðrar skipulagsgerðar. Með gögnum fylgdi breytingaruppdráttur aðalskipulags í m.kv. 1:15.000, dags. 12. desember 2016.

Samkvæmt lýsingunni mun aðalskipulagsbreytingin felast í að breyta sveitarfélagsmörkum, í samræmi við úrskurð Óbyggðanefndar frá 20. júní 2014, ásamt því að mörkuð verður stefna um afþreyingar- og ferðamannasvæði í kringum hellinn Leiðarenda.

Fram kemur að unnið er að gerð deiliskipulags fyrir afþreyingar- og ferðamannasvæðið, þar sem viðfangsefnið er að útfæra stefnu um bílastæði og þjónustubyggingu með salernum og starfsmannaðstöðu.

Skipulagsstofnun hefur farið yfir framlöögð gögn og bendir á eftirfarandi atriði til athugunar við frekari móturn skipulagstillagnanna og umhverfismat þeirra:

Í breytingartillögu aðalskipulagsins þarf að setja fram skipulagsákvæði um umfang mannvirkjagerðar og hvers konar þjónusta er fyrirhuguð á afþreyingar- og ferðamannasvæðinu til grundvallar fyrir deiliskipulagsgerðina, sbr. 2. mgr. 28. gr. skipulagslaga.

Svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins (Höfuðborg 2040) gildir fyrir aðalskipulag sveitarfélagsins og gilda ákvæði um græna trefilinn á hluta svæðisins. Huga þarf að samráði við svæðisskipulagsnefndina, sbr. töflu 3 á bls. 91 í svæðisskipulaginu um málsmeðferð og aðkomu nefndarinnar að útfærslum í aðalskipulagi.

Huga þarf að samráði við Náttúrufræðistofnun um deiliskipulagsgerðina þar sem hraunhellar njóta sérstakrar verndar skv. 61. gr. laga um náttúruvernd, sbr. einnig 68. gr. laganna um aðkomu Náttúrufræðistofnunar að gerð deiliskipulags.

Í lýsingu segir að skipulagstillögurnar muni ekki fela í sér framkvæmdir sem falla undir lög um mat á umhverfisáhrifum. Skipulagsstofnun bendir á að samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum eru ýmsar framkvæmdir á verndarsvæðum tilkynningarskyldar til Skipulagsstofnunar, svo sem þjónustumiðstöðvar fyrir ferðamenn á verndarsvæðum á láglendi utan þéttbýlis (liður 12.05) og nýir vegir eða endurbýgging vega á verndarsvæðum utan þéttbýlis (liður 10.09). Skipulagsstofnun mælir með, að þegar skýrar liggur fyrir í tillögu að deiliskipulagi hvernig mannvirkjagerð á svæðinu

verður hártað, að senda fyrirspurn til stofnunarinnar um hvort fyrirhugaðar framkvæmdir falli undir lög um mat á umhverfisáhrifum.

Ekki er í lýsingunni gerð grein fyrir hvernig staðið verður að umhverfismati við móturn skipulagstillagnanna. Skipulagsstofnun bendir á að nýta verndarákvæði svæðisins sem viðmið í umhverfismatinu.

Bent er á að um gerð lýsingar fyrir aðalskipulag fer skv. 1. mgr. 30. gr. en um deiliskipulag skv. 1. mgr. 40. gr. skipulagslaga.



Hafdís Haflíðadóttir